

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2016, mánudaginn 29. febrúar, var haldinn 239. fundur stjórnar Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir og Sigríður Hulda Jónsdóttir, varamaður. Fjarvarandi: Theódóra S. Þorsteinsdóttir. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfi
2. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Leiðakerfi
Áframhaldandi umfjöllun um fyrirhugaðar breytingar á leiðakerfi frá fundi stjórnar föstudaginn 26. febrúar sl., þar sem lögð voru fram drög að skýrslu um mat á tillögum um rekstrarhagræði í leiðakerfi Strætó.
Fyrir fundinum lágu tillögur um breytingar á leið 12, 16 og 26, sem fela í sér að leið 12 fari ekki á sumaráætlun, akstri á leið 16 verði hætt um helgar en að öðru leyti verði leiðin óbreytt og leið 26 verði lögð alfarið niður frá og með 1. júní nk.
Stjórn samþykkir að senda tillögurnar til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar.
2. Önnur mál
 - a) Fyrir fundinum lá minnisblað, dags. 26.02.2016, þar sem farið er yfir möguleika að ráða erlenda vagnstjóra tímabundið til starfa við afleysingar sumarið 2016.
Stjórn leggur áherslu á að reynt verði að hafa jöfn hlutföll kynjanna í þessum ráðningum.
 - b) Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnistjóri, fór yfir viðbragðsáætlanir sem eru í gildi hjá Strætó og hvað betur megi fara í þjálfun vagnstjóra.
Stjórn leggur áherslu á að endurmeta þörf fyrir endurmenntun og þjálfun vagnstjóra.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 12:40

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Sigríður Hulda Jónsdóttir
Einar Birkir Einarsson

Fylgiskjöl:

- Minnisblað, ráðning erlendra starfsmanna – sumarafleysingar, dags. 26.02.2016.
- Minnisblað, tillögur að leiðakerfisbreytingum í Reykjavík, dags. 29.02.2016.